

**Pétur Stefánsson** fæddist í Bót í Hróarstungu skömmu fyrir seinna stríð og ólst þar upp við búskap eins og hann hafði verið stundaður um aldir. Fjölskylda hans brá síðan búi og reisti sér hús með öðrum frumbýlingum í þorpinu sem var að myndast á Egilsstöðum að stríðinu loknu. Pétur lýsir lífinu á Héraði á bernsku- og uppvaxtarárum sínum einstaklega vel og af mikilli væntumþykju.

Síðar heldur Bótarstrákurinn til Reykjavíkur og sest í menntaskóla. Að stúdentsprófi loknu hefur hann verkfræðinám í München, á þeim árum sem verið er að reisa Þýskaland úr rústum nasismans. Lesendur fá góða innsýn í stúdentsárin og líf námsmanna ytra á þessum spennandi umrótstímum, og kynnast jafnframt aðstæðum þeirra sem lifað höfðu hildarleik styrjaldarinnar.

Starfsævi Péturs sem verkfræðings spannar framkvæmdasögu Íslendinga á síðari hluta tuttugustu aldar, þegar þjóðin varð sjálfbjarga hvað verkkunnáttu varðar. Hann lýsir verkefnum sínum af verkfræðilegri nákvæmni en jafnframt stílkunnáttu þess sem alla tíð hefur sótt í lestur og fróðleik. Störf Péturs og Hlífar Samúelsdóttur, eiginkonu hans, gáfu þeim kost á að ferðast víða og kynnast aragrúa af fólki. **Haugseldur** er því öðrum þræði reisubók þeirra.

Bókin er búin fjölmörgum ljósmyndum.

ISBN 978-9935-10-082-5

9 789935 100825

ELBA











Pétur Stefánsson

Haugseldur

ELBA

## Pétur Stefánsson



# Haugseldur

## Veraldarsaga verkfræðings